



Hemukrýl lakkmálning

Vörunr. 5830

Lýsing

Hemukrýl lakkmálning (5830) er vatnspynnanlegt akrýlplastþeytulakk með frábæra þekju- og viðloðunareiginleika. Efnið er nær lyktarlaust, með ágætis efnaþol, mjög gott veðrunarþol og auk þess hefur það góða þvottheldni. Lakkið hefur mikið viðnám gagnvart vatnsgufu og koltvísýringi. Inniheldur sérstök virk efni gegn myglu- og sveppavexti. Lit- og gljáheldni lakksins er einstaklega góð og það gulnar ekki. Efnið er sérþróað til notkunar með pensli eða rúllu og hefur því gott flot. **Hemukrýl 30** er verðugur arftaki einþátta alkýð- eða akrýlleysiefnalakka.

Notkun

Hemukrýl lakkmálning (5830) er ætluð til notkunar í vatnspynnanlegum málningarkerfum innan- og utanhúss, á steypu og málma o.þ.h. fleti við meðaltærandi aðstæður. Einnig má nota lakkið í epoxýmálningarkerfum við mjög tærandi aðstæður. Lakkið hefur frábæra viðloðunareiginleika á gamla alkýðlakkaða fleti. Nota má lakkið þar sem hætta er á rakamyndun, m.a. í baðherbergjum og í matvælaíðnaði. Efnið hefur mikið þol gagnvart myglu- og sveppavexti. Þar sem lakkið er vatnspynnanlegt og nær lyktarlaust er það frábært til notkunar innanhúss í stað leysiefnalakka.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Allir litir	Þynnir: Vatn
Gljástig: 30	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Þurrktími: 2 klst
Efnisnotkun: 10 m ² /l - 30 µm þurrfilma	Yfirmálun: Lágmark: 6 klst.
Eðlisþyngd: 1,2 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 38 % (rúmmál)	

Undirmálun

Grunnar sem m.a. koma til greina eru Hemukrýl bitgrunnur (1820), Hempels Unigrunnur (1314) og Hempadur epoxýefni.

Áhöld

Pensill, rúlla eða málningarsprauta. Við sprautun skal nota spíssastærð 0,015"-0,017" og skal þrýstingur við spíss vera um 130 bör. Það má þynna 5-15 % með vatni. Hreinsið áhöld strax að notkun lokinni með vatni.

Vinnutilhögun

Fjarlægið fitu, olíu, sölt og önnur óhreinindi með Málningarhreinsi (6208) eða olíuhreinsi og háþrýstipvotti. Gróður og myglu skal einnig hreinsa algjörlega burt með 5-10 % klórlausn, hreinsiefnum og háþrýstipvotti. Flöturinn skal vera hreinn, þurr og fastur viðkomu. Það er mælt með því að bletta tærð yfirborð með hentugum ryðvarnargrunni. Duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja með steinslípun og ryk hreinsað burt.

Nýmálun

Stál: Grunnið með Hempadur epoxýgrunni og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Einnig koma aðrar lausnir til greina, hafið því samband við starfsmenn Slippfélagsins. Málaðar tvær umferðir með **Hemukrýl 30**.

Ryðfrítt og galvanhúðað stál, ál og aðrir léttmálmar: Grunnið með Hemukrýl bitgrunni (1820) eða Hempels Unigrunni (1314). Athugið að meiri ryðvörn fæst með meiri þurrfilmuþykkt. Málaðar tvær umferðir með **Hemukrýl 30**.

Steinsteypa, múr og gifs: Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240) og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Ef flöturinn er undir miklu álagi af raka er gott að grunna og metta undirlagið með Resistent Spärrgrund (4244), þynntum 1:1 með vatni. Einnig er hægt að nota þynnt **Hemukrýl**. Málaðar tvær umferðir með **Hemukrýl 30**.

Endurmálun

Flöturinn skal vera algjörlega laus við myglu, fitu og hvers kyns óhreinindi, vera fastur og þurr viðkomu. Ryð og lausa málningu skal fjarlægja algjörlega með sandblæstri, véslípun, handverkfærum eða háþrýstipvotti. Grunna skal bera fleti og viðgerðir með viðeigandi grunnum samanber hér að ofan. Yfirleitt þarf ekki að grunna litaðar járnklæðningar nema ryð sé byrjað að brjótast út. Málaðar ein til tvær umferðir með **Hemukrýl 30**.

Athugasemdir

- Lágmarkshitastig við málun og þornun er 5 °C. Ef málað er við slíkar aðstæður lengist þurrk- og yfirmálunartími til muna. Ekki er æskilegt að málningin lendi í hitastigi undir 5 °C eftir málun fyrr en eftir a.m.k. einn sólarhring m.v. 20 °C eða tvo til þrjá sólarhringa m.v. 10 °C.
- Full þvottheldni næst eftir 4 vikur.
- Þó að málningin hafi engan hámarks yfirmálunartíma, skal yfirborð hennar vera hreint og laust við alla fitu, sót og ryk fyrir endur- eða yfirmálun. Í mjög menguðu umhverfi er því ráðlagt að skola yfirborðið vel með vatni fyrir málun.
- Málningin má ekki frjósa og geymið við hitastig frá 4-30 °C.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Hemukrýli** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.